Kammermúsík á striga

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK GEORG GUÐNI

Opið daglega frá kl. 11.00 til 18.00. Aðgangur 300 kr. Til 17. maí.

ÞAÐ getur verið erfitt að koma orðum að málverkum Georgs Guðna, því annars vegar lendir maður í því að endurtaka það sem liggur í augum uppi, en hins vegar finnst manni að það liggi meira í verkum hans sem er þó erfitt að lýsa. Hvað sem því líður hljóta allir þeir sem hafa einhverja tilfinningu fyrir sögu og hefð málarlistarinnar að heillast af verkum hans. Hann er málari sem dregur það besta fram í miðlinum.

Georg Guðni er, eins og hann kemur fram á þessari sýningu, landslagsmálari; hann gæti hafa orðið abstraktmálari, eða jafnvel kyrralífsmálari. Það vill svo til að hann hefur valið sér landslagið. En það er ekki landslaginu að þakka að málverk hans eru svo heillandi, heldur er það málaralist hans að þakka að það land sem hann lýsir heillar okkur. Þess vegna er ég ekki svo viss um hversu langt maður á að ganga í því að lýsa því landi sem birtist í myndum hans, í því skyni að skýra hvað það er sem heillar í málverkunum. Í rauninni er meðferð hans að myndefninu svo samofin meðferð hans á litefnum að það er erfitt að sjá hvar eitt endar og annað tekur við.

Georg Guðni gerir sér fulla grein fyrir að það er ekki auðhlaupið að því að mála landslagsmálverk í dag, þó ekki væri nema vegna þeirrar stöðu sem landslagsmálverkið hefur haft í íslenskri listasögu. Samanburðurinn er alltaf nálægur. Manni gæti fundist að landslagsmálverkið tilheyrði sögunni, að hún ætti ekki erindi við okkur lengur, ný viðfangsefni bíða. Það verður því varla hjá því komist að velta fyrir sér því landi sem birtist í myndunum.

Georg Guðni hefur farið sér hægt og afmarkað sér bás með því að skapa landsýn sem er frábrugðin öllum landslagsformúlunum sem við höfum átt að venjast. Samt er sú sýn öllum kunnugleg. Í fyrstu myndirnar sem blasa við þegar gengið er inn í salinn, númer 13 til 16, allar án titils, er að finna kjarnann í landsýn hans á þessari sýningu. Í þeim myndum, og sérstaklega í mynd númer 16, gengur hann einna lengst í því að skapa landslag sem er nánast algjörlega tómt og flatneskjulegt. Neðri hluti myndarinnar er dökkur og engin skýr kennileiti, en fyrir ofan er samfelld skýjabreiða sem liggur lágt yfir. Augað leitar ósjálfrátt inn að miðju myndarinnar þar sem jörð og himinn mætast og það er aðeins í mjórri ræmu í ógreinilegum fjarska þar sem sést móta fyrir formi landsins. Í myndunum birtast skýrar andstæður sem gefa tilefni til að leggja dýpri merkingu í þær, þar sem koma fyrir andstæður milli jarðar og himins, myrkurs og birtu, efnis og anda. Það hefur verið gegnumgangandi í myndum hans að andstæður hafa verið leiddar saman í heild, eins og til að lýsa einhvers konar jarðneskri sátt sem við finnum frammi fyrir náttúrunni. Allar andstæður myndarinnar virðast leysast upp á einhverjum stað, sem verður þó ekki staðsettur, og sem tilheyrir hvorki jörðu né himni.

Það má vera að myndirnar á þessari sýningu séu þyngri og myrkari en á sýningu hans í Norræna húsinu fyrir þremur árum, þar sem glóandi innri birtu stafaði af þeim. Þá voru þær á mörkum hins draumkennda, en eru orðnar mun jarðbundnari. Ef þær voru svífandi og loftkenndar áður, þá búa þær yfir meira þyngdarafli nú.



Morgunblaðið

„ÁN titils", málverk eftir Georg Guðna frá 1997.

Á sýningunni er fjöldi smærri mynda, nokkurs konar olíuskissur, sem eru ekki síður áhugaverðar, því þar er oft að finna frjálslegri og fjölbreyttari efnistök. Í þeim hefur hann prófað sig áfram með mótív og litasamsetningar og leyfir sér ýmislegt sem ratar ekki í stóru málverkin. Þar má sjá hvernig hann hefur aftur tekið til við fjallið sem mótív, en það má segja að hann hafi ekki málað fjöll síðan á fyrstu árunum. Á sýningunni eru einnig stór málverk með fjöllum, eða hólum, sem standa nokkur saman í þyrpingu, ólíkt því sem er reglan í íslensku landslagsmálverki, þar sem fjallið ávallt stakt, í eintölu, fyrir miðju myndar.

Sýning Georgs Guðna á Kjarvalsstöðum er stærsta einkasýning hans til þessa og einstakt tækifæri til að kynnast list hans. Það er óhætt að mæla með sýningunni fyrir alla þá sem hafa ánægju af góðri málaralist.

Gunnar J. Árnason

Opnaður Kambur

MYNDLISTARMAÐURINN Þórður G. Valdimarsson, öðru nafni Kíkó Korriró, opnar sýningu í Gallerí Kambi, skammt frá Hellu, á morgun, laugardag, kl. 17. Samanstendur sýningin af pastelverkum á pappír en yfirskrift hennar er Myndir úr þjóðarsálinni. Við sama tækifæri mun Ísólfur Gylfi Pálmason alþingismaður opna galleríið formlega. Eigandi Gallerís Kambs er Gunnar Örn myndlistarmaður.

Þetta er önnur einkasýning Þórðar, sem er fæddur árið 1922. Sú fyrri var haldin í Listmunahúsinu í Reykjavík fyrir hálfum öðrum áratug..



Kiko Korriró: Ásatrúarlist I, 1989.

Hreinn og tær

LEIKLIST

Útvarpsleikhúsið

MAÐUR GEFUR KONU ELD Í SÍGARETTU OG MAÐUR BIÐUR KONU UM MJÓLK Í KAFFIÐ

Tveir einþáttungar eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Leikendur Kristbjörg Kjeld og Erlingur Gíslason. Stjórn upptöku Grétar Ævarsson. Leikstjóri Guðrún Gísladóttir.

ELISABET Jökulsdóttir er leikskáld. Hún hefur sýnt það áður að hún hefur persónulega sýn á leikhús og leiktexta, hún er trú sjálfri sér og uppsker samkvæmt því. Elísabet hefur skrifað fleiri leikrit fyrir Útvarpsleikhúsið; *Skilaboð til Dimmu*, kemur upp í hugann og hún hefur náð góðu valdi á því að semja leikrit fyrir útvarpið. Einþáttungar (eða örleikrit) hennar sem fluttir voru í hádegisleikhúsi Útvarpsins á Sumardaginn fyrsta voru staðfesting þess að með textanum einum er hægt að opna dyr og draga áheyrandann inn í heim þar sem ríkir hreinn og tær, skáldlegur „leikveruleiki". Elísabetu lætur vel að draga upp smámyndir af hversdagsleikanum, beita endurtekningum svo úr verður nánast leikrænt ljóð og flétta textann áfram áreynslulaust svo hann verður eðlilegur í munni leikarans, samt skáldlegur, og samt hlaðinn öllum þeim upplýsingum sem á þarf að halda til að setja samtalið í samhengi við persónurnar og samt svo rafmagnaður að innri spenna byggist upp og eftirvænting áhorfandans eykst sem á líður.

Kristbjörg Kjeld og Erlingur Gíslason fóru af lipurð og kunnáttu með hlutverkin tvö, raddbeiting skiptir öllu við svona endurtekningasaman texta, sumar setningarnar bæta engu við nema tónninn breytist og þetta gerðu þau Kristbjörg og Erlingur fyrirhafnarlaust, þannig að það hljómaði eins og enginn vandi. Greinilega góður skilningur á milli allra um hvernig fara skyldi að þessu. Leikstjórinn Guðrún Gísladóttir missir sig reyndar við hljóðsetninguna út í ofhleðslu, hljóðmynd af þingfundi á Alþingi í bakgrunni var ekki til bóta, truflaði frekar og gerði útaf við mögulegar þagnir. Þetta gefur reyndar tilefni til vangaveltna um hversu lítið þarf til að rugla áheyrandann í ríminu. Undirritaður var t.d. ekki viss um hvort þessi bakgrunnur ætti að vera úr útvarpi eða sjónvarpi leikpersónanna, eða hvort þau væru stödd í þinginu með einhverjum hætti, hvort þau væru hjón, eða hvort þau væru kannski bara svona óttalega gamlir vinir. Auðvitað á ekki að ganga að neinu gefnu og sjálfsagt að stökkva ekki alltaf á augljósustu lausnirnar en þar er vandrataður meðalvegurinn.

Einþáttungarnir verða endurfluttir á Rás 1 á þriðjudaginn 5. maí kl. 13.05 og sjálfsagt að hvetja áhugasama til að hlusta ef þeir misstu af frumflutningnum.

Hávar Sigurjónsson

Ekta teppi á lægra verði en gervimottur!!



Töfrateppið

Sölusýning á handhnýttum, austurlenskum gæðateppum á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni

Nýjar vörur

Föstudaginn 1. maí kl. 11–19
Laugardaginn 2. maí kl. 11–19


Grand HÓTEL REYKJAVÍK Sigtúni

RAÐGREIÐSLUR

30-50% undir markaðsverði – alltaf

Í tilefni sumars og hækkandi sólar bjóðum við **10% afslátt** af öllum vörum **þessa helgi**

Áburðarsalan hafin



Vantar þig gróðurmold, fræ, lífrænan- eða tilbúinn áburð, blómapotta, verkfæri, styttur og skraut í garðinn eða eitthvað annað sem snýr að garðyrkju, blóma- eða trjárækt? Hjá **FRJÓ** færðu mikið úrval af allskonar vörum til garðyrkjustarfa, **á frábæru verði.**

Við höfum allt sem þú þarft til að prýða garðinn þinn og veitum þér faglega ráðgjöf!

Opið laugard. 10 - 18, sunnud. 10 - 18

KARTÖFLUTUNNA til að rækta í kartöflur!

Ýmis sértilboð!



BLÓMAKER margar gerðir

FRJÓ ehf.
Verslun garðyrkjumannsins



STÓRHÖFÐA 35, 112 REYKJAVÍK, SÍMI 567 7860, FAX 567 7863